

# Kosning trúnaðarmanna

**Val trúnaðarmanna ber að tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað.**

**Kjósa skal trúnaðarmann á tveggja ára fresti.**

Ekki er kveðið á um það í lögum hvernig standa skuli að kosningu trúnaðarmanna. Misjafnt getur verið eftir stéttarfélögum hvernig staðið er að kosningunni.

Mikilvægt er að hafa í huga að eftir tvö ár rennur kjörtímabil trúnaðarmanns út. Ef trúnaðarmaður er ekki endurkjörinn missir hann eftir tvö ár þá vernd og réttindi sem hann annars nýtur samkvæmt lögum. Sum stéttarfélög skilgreina hvenær árs kosning skuli fara fram og skipa sérstaka kjörstjórn eða fulltrúa stéttarfélags sem stýrir framkvæmd kosningar. Yfirleitt sér núverandi trúnaðarmaður um kosningu eftirmanns og ef einn trúnaðarmaður er í framboði meta sum stéttarfélög kosningu óþarfa. Þá er stéttarfélögum heimilt að skipa trúnaðarmenn þar sem ekki er hægt að koma við kosningu.

## Verklag VFÍ við kosningu trúnaðarmanna

Verklag Verkfræðingafélags Íslands og félaga sem hafa þjónustusamning við skrifstofu félagsins, ST og SFB, er sem hér segir.

Skipaðir eru 2-3 starfsmenn á hverjum vinnustað í kjörstjórn og sjá þeir um framkvæmd kosninganna. Verkefni kjörstjórnar eru:

1. Athuga hvort fleira en eitt stéttarfélag sameinast um kosningu trúnaðarmanna.
2. Ef öryggistrúnaðarmaður hefur ekki þegar verið kjörinn á vinnustaðnum má einnig kjósa hann á þessum fundi, að því tilskyldu að starfsmenn séu úr öllum stéttarfélögum sem starfa í fyrirtækinu. Öðrum kosti verður að halda sér fund starfsmanna til að kjósa hann. Framboða er óskað með sama hætti og gildir um trúnaðarmenn og gæta verður að þessi kosning sé einnig tilgreind í fundarboði.
3. Að fá lista hjá yfirmanni/launafulltrúa yfir hvaða starfsmenn eru á kjörskrá.
4. Boða félagsfund um kosningu trúnaðarmanna; eins aðalmanns og eins varamanns.
  - a) Góð regla er að boða fund með viku fyrirvara í tölvupósti og með auglýsingu til dæmis á kaffistofu eða öðrum áberandi stað.
  - b) Leitað er eftir framboðum úr hópi viðkomandi starfsmanna til trúnaðarmanns í fundarboðinu.
5. Kjörstjórn sér um að fundurinn sé rétt boðaður og hann haldinn með formlegum hætti, þar sem skipaðir eru fundarstjóri, fundarritari og starfsmenn skrá sig á viðverulista. Ef fleiri en eitt stéttarfélag sameinast um kosningu trúnaðarmanns er gott að fundarmenn skrái á listann í hvaða félagi þeir eru.
6. Leitað er eftir samþykki fundarins að kosið sé með handauppréttingu en annars er kosið leynilegri kosningu.
7. Kjörstjórn stýrir kosningu, sér um talningu og útbýr tilkynningar með nöfnum kjörinna trúnaðarmanna til fyrirtækis, stéttarfélaga og viðkomandi trúnaðarmanna.

8. Hafi skipaður fulltrúi í samninganefnd hætt í samninganefnd/hjá stofnuninni er tilvalið að fá tillögur um fulltrúa frá félagsmönnum í hans stað. Stjórnir stéttarfélaganna skipa síðan formlega í samninganefndirnar.

## Tilkynning um kosningu

Val trúnaðarmanns/fulltrúa í samninganefnd/samstarfsnefnd skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað. Trúnaðarmaður telst **ekki** fá réttarstöðu og lögbundna vernd nema kosning hans hafi verið tilkynnt vinnuveitanda skriflega og sannanlega. **Það er því mjög mikilvægt að kjörnir trúnaðarmenn gæti þess að tilkynningaskyldu sé fylgt eftir.**

## Fjöldaviðmið við kosningu

Fjöldaviðmið félagsmanna á vinnustað vegna kosningar trúnaðarmanns eða trúnaðarmanna er misjafnt eftir því hvort um félagsmenn á almennum markaði er að ræða eða félagsmenn sem starfa hjá hinu opinbera.

### Almennur vinnumarkaður

- Samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur [nr. 80/1938](#) gr. 9 – 14 er heimilt að kjósa tvo trúnaðarmenn á hverri vinnustöð þar sem starfa a.m.k. fimm félagsmenn. Í sumum kjarasamningum sem gerðir eru á almennum vinnumarkaði eru fjöldaviðmið skilgreind víðar, það gildir þó ekki um kjarasamning félaganna í VFÍ og Samtaka atvinnulífsins frá árinu 2011.
- 13. gr. Heimilt er stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga, að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning. Er atvinnurekendum og öllum trúnaðarmönnum þeirra óheimilt að láta starfsmenn sína á nokkurn hátt gjalda þess, að þeir hafi gert slíka samninga eða stuðlað að því, að þeir yrðu gerðir.

### Opinber vinnumarkaður (sveitarfélög og ríkisstarfsmenn)

- Í lögum um opinbera starfsmenn [nr. 94/1986](#) V. kafla er fjöldaviðmið víðara og er heimilt að kjósa 1 trúnaðarmann á starfsstöð þar sem starfa 5 eða fleiri félagsmenn og 2 trúnaðarmenn á vinnustöð þar sem 50 eða fleiri starfa. Samkvæmt fyrrnefndum lögum er heimilt að kjósa trúnaðarmenn fyrir félagssvæði eða hluta þess vegna starfsmanna á vinnustöðvum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda. Einstökum stéttarfélögum er heimilt að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en að framan greinir. Þá er heimilt að sameinast um trúnaðarmenn ýmist fyrir landssvæði, fleiri en eina stofnun eða milli stéttarfélaga hjá opinberum starfsmönnum.
- Samkvæmt samkomulagi um trúnaðarmenn hjá ríki, Reykjavíkurborg og ýmsum sjálfseignarstofnunum er heimilt á þeim vinnustöðum þar sem starfsmenn vinna samkvæmt mismunandi vinnutímakerfum að kjósa einn trúnaðarmann hið minnsta fyrir hvert vinnutímakerfi.